

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Krókópókó

Bókmenntir í kennslu

Ásta Kristín Ástráðsdóttir

030276-3029

Sandra Þórisdóttir

200684-3039

Kennaraháskóli Íslands

Grunnskólakennarafræði

Apríl 2008

Ágrip

Bókmenntir eru ekki bara afþreying heldur eru þær lærdómsríkar. Þetta á ekki síður við um yngstu kynslóðina en aðra, því ung börn gleypa við orðaforðanum í sögum sem þau heyra. Einnig stuðla bókmenntir að sterkari hljóðkerfisvitund og auka einbeitingu barna, þar eð þau verða að leggja við hlustir til að skilja söguna og innihald hennar. Tilgangur þessa verkefnis var að sýna fram á að hægt sé að nýta bókmenntir til kennslu í öðrum námsgreinum en íslensku. Við ákváðum að kennarar læsu bókina Krókópókó fyrir nemendur sína án þess að sýna þeim myndirnar úr bókinni og vinna þannig með skilning, hljóðkerfisvitund, ímyndunarafli o.fl. Hér á eftir verður fjallað um þau áhrif sem upplestur hefur á börn. Vísað verður í PISA rannsókn og aðrar heimildir sem sýna fram á mikilvægi þess að lesa upphátt fyrir börn, þar sem slíkt hefur áhrif á námsframvindu þeirra síðar.

Þakkarorð

Fyrst viljum við þakka leiðsögukenndara okkar, Guðmundi B. Kristmundssyni fyrir jákvæða og mjög hjálplega tilsögn, Helgu Ágústsdóttur fyrir að leyfa okkur að nota bókina og yfirlestur ritgerðarinnar. Að lokum viljum við þakka fjölskyldum okkar fyrir allan stuðning sem þau sýndu okkur á meðan á þessara vinnu stóð.

Efnisyfirlit

Ágrip	1 -
Þakkarorð	2 -
Efnisyfirlit	3 -
Myndir	5 -
1. Inngangur	6 -
2. Barnabókmenntir	9 -
2.1 Áhugi barna á lestri og áhrif hans á skólagöngu	9 -
2.2 Bókmenntir við kennslu	10 -
3. Kennsluaðferðir	14 -
3.1 Samþætting námsgreina	14 -
3.2 Hópvinnubrögð	15 -
3.3 Umræðu- og spurnaraðferðin, sjónsköpun	15 -
3.4 Skrifleg tjáning, vinnublaðakennsla	16 -
3.5 Ef- og innlifunaraðferðin	16 -
3.6 Leitaraðferðin, efnis- og heimildakönnun	17 -
4. Krókópókó	18 -
4.1 Krókópókó og hjálpsemin	18 -
4.1.1 Hvað er brosið mitt langt?	18 -
4.1.2 Hver á lengsta brosið?	20 -
4.1.3 Hollastappa	21 -
4.1.4 Hvað myndir þú gera ef þú værir?	22 -
4.1.5 Orðabanki	23 -
4.1.6 Frumskógarorðaleikur	24 -
4.1.7 Ljóðagerð	24 -

4.1.8 Vettvangsferð	25
4.2 Slöngubarnið	26
4.2.1 Myndmennt	27
4.2.2 Setning vikunnar/orðatiltæki vikunnar - orðabanki	28
4.2.3 Lífsleikni	29
4.2.4 Leikræn tjáning	29
4.2.5 Slöngulengd og hæð nemenda	30
4.3. Krókópókó og Nei-veikin	31
4.3.1 Skrautfugl	32
4.3.2 Matreiðslubók krókódílápabba	32
4.3.3 Svipbrigði	33
4.3.4 Tónmennt	34
4.3.5 Lífsleikni	35
4.3.6 Klíppt og límt	36
4.3.7 Þvotturinn	36
4.3.8 Vettvangsferð	37
Lokaorð	38
Heimildir	39
Fylgiskjöl	41

Myndir

Mynd 1	Kynjamunur á samræmdum prófum	-10-
Mynd 2	Broskarlar	-44-
Mynd 3	Laufblöð	-45-
Mynd 4	Páfagaukur	-50-

1. Inngangur

Með þessu lokaverkefni verður leitað svara við þeirri spurningu hvernig megi nota bókmenntir í kennslu. Leitast verður við að sýna fram á samþættingu námsgreina og verkefni kynnt, sem samin hafa verið við bókina Krókópókó eftir Helgu Ágústsdóttur. Fjallað verður um áhuga barna á frjálsum lestri og áhrif kvöldlestrar á námsárangur. Einnig verður fjallað um mikilvægi þess að nýta bókmenntir í kennslu og hvernig kennarar geta unnið að samþættingu námsgreina með námsefni úr sömu bókinni. Samin hafa verið verkefni sem kennari getur nýtt sér við vinnu á verkefnunum. Ennfremur verða kynntar þær kennsluaðferðir sem henta við vinnu verkefnanna.

Nám í gegnum bókmenntir mun hjálpa nemendum að verða betri lesarar, ná tókum á ritun og skapa sjálfstæðari hugsun (Kruise 1990:3). Í þessari ritgerð verður bent á mikilvægi lestrar fyrir börn hvað varðar lestargetu og námsárangur. PISA rannsókn sem gerð var árið 2000 sýnir að nemendur í 4. bekk sem lesið hefur verið fyrir, eiga auðveldara með nám en jafnaldrar þeirra sem ekki hafa notið slíks lesturs. Börn fá áhuga á bókum og lestri þeirra með því að hlusta á hina ýmsu bókmenntatexta og í framhaldi af því læra þau að bókmenntir eru uppspretta skemmtunar og fróðleiks.

Sagan Krókópókó, eftir Helgu Ágústsdóttur, segir frá krókódílnum Krókópókó, fjölskyldu hans og vinum í frumskóginum. Bókin skiptist í þrjár sögur og hefur hver saga ákveðinn boðskap. Sögurnar segja frá daglegu lífi litla krókódílsins og hvernig hann kynnist hjálpsemi, einelti og nei-veikinni.

Helga Ágústsdóttir fæddist 1947 í Reykjavík. Hún lauk kennaraprófi 1967 og hefur fengist við kennslu í tvo áratugi, að stærstum hluta á unglingastigi þar sem hún hefur kennt ensku og dönsku. Þar fyrir utan hefur hún unnið sem fjölskylduráðgjafi, útvarpsmaður, unnið við auglýsingagerð og þýtt fjöldann allan af bókum um andleg málefni, sálfræði ýmissa algengra vandamála og meðferð þeirra. Helga hefur einnig þýtt bækur um uppeldisfræði. Hún hefur skrifað þrjár unglingabækur og barnabókina Krókópókó, sem var fyrsta tilraun hennar til bókarskrifa. Helga starfar sem kennari við Grunnskóla Bláskógabyggðar í Reykholti, Biskupstungum.

Myndskreytingarnar í bókinni eru eftir Ólöfu Knudsen. Hún er fædd í Reykjavík 1942. Auk myndlistarinnar hefur Ólöf lagt stund á kennslu á framhaldsskólastigi.

Val okkar á þessari bók réðst einna helst af því hve einföld hún er og aðgengileg og víða er að finna fallegar vatnslitamyndir sem gefa henni glaðlega túlkun. Efnið er margslungið þegar að er gáð og gott að nýta það á margan hátt í alls konar umfjöllun með börnum. Í bókinni Krókópókó eru mörg atriði sem er auðvelt að tengja fræðslu um heiminn okkar og þau gefa tækifæri til umræðna og heimildaleitar. Þar má nefna næringarfræði, landafræði, náttúrufræði, eðlisfræði í vatni! - og svolitla stærðfræði má líka læra. Þá er ótalinn málfarslegi þátturinn sem vegur nokkuð þungt í bókinni. Skemmtilegt er að sjá hvernig höfundurinn notar tækifærið til að auka orðaforða lesendanna og málskilning og fellur sú fræðsla eðlilega inn í textann. Lögð er áhersla á að kennarar sýni nemendum ekki myndirnar strax, því þær gætu haft áhrif á ímyndunarafli og sköpunarferli nemendanna.

Ekki fannst okkur síðra að þessi litla bók vekur lesendur sína til umhugsunar um samskipti og marga mannlega þætti, sem nemendur þurfa að hugleiða, fyrr eða síðar. Tækifæri gefast til umræðna um alls konar tjáningu og skilning okkar á hvert öðru. Mörg tækifæri gefast um alls konar tjáningu og skilning okkar hvert á öðru. Þar sem oft er hægt að setja þig í spor annarra og ná þar tengslum við sögurnar. Þótt bókin sé ekki mikil að umfangi eða textarnir langir, þótti okkur upplagt að nota hana sem ritgerðarefni vegna möguleikanna sem efnið býður upp á. Bókin Krókópókó er tilvalin til vinnu á verkefnum í mismunandi námsgreinum. Miðað er við að nemendur séu á 4. námsári, en auðvelt er að aðlaga verkefnið að yngri sem eldri nemendum.

Í þriðja kafla er sagt frá þeim kennsluaðferðum sem nýtast við vinnu verkefnanna. Tilgreindar eru fjölmargar aðferðir sem nýtast við samþættingu námsgreina. Í lokakaflanum er umfjöllun um bókina Krókópókó. Þar eru sögurnar kynntar og með hverri sögu fylgja verkefni sem kennari getur nýtt við kennslu. Hverju verkefni fylgja markmið og það gerir kennaranum auðveldara að átta sig á þeim lærdómi sem hvert verkefni hefur að geyma.

Flestum verkefnum fylgir einnig textabútur úr sögunni. Hann er ætlaður til að nemendur eigi auðveldara með að rifja upp atvik sögunnar og tengja við verkefnið.

Áhugi okkar á bókmenntum og kennslu þeirra í grunnskólum hefur aukist við nám okkar við Kennaraháskólann. Þar höfum við lært að samþætting námsgreina gefur betri möguleika á að aðlaga námsefnið að þörfum hvers og eins. Mikilvægt er að námsefnið sé sem heildstæðast og nemendur geti í ljósi þess gert sér grein fyrir heild verkefnisins.

2. Barnabókmenntir

„Góðar barnabækur eru ekki bara tæki til lestrarþjálfunar heldur gera þær börnin læs á samfélag sitt og menningu“ (Brynhildur Þórarinsdóttir 2006:38). Lestur bóka hefur þroskagildi fyrir börn allt frá unga aldri. Mikilvægt er að lesa fyrir börn, það eykur skilning barna og auðveldar frekara nám. Einbeiting og orðaforði barnanna eykst. Lestrarstund við sögulestur með fjölskyldunni styrkir samband fjölskyldumeðlima og skapar oftast en ekki notalegt andrúmsloft.


2.1 Áhugi barna á lestri og áhrif hans á skólagöngu

Í niðurstöðum úr PISA rannsókn á læsi 15 ára nemenda sem gerð var árið 2000 kemur sterklega fram að aðeins fjórðungur 15 ára¹ nemenda hér á landi, telur lestur til áhugamála sinna (Almar M. Halldórsson 2006:8). Sama fjöldi finnst gaman að ræða um bækur en einungis helmingnum finnst gaman að fara á bókasöfn eða í bókabúðir. Þrátt fyrir þessar tölur eru aðeins 40% ekki ánægð með að fá bók að gjöf. Í ljós kemur að helmingur 15 ára nemenda les teiknimyndasögur nokkrum sinnum í mánuði. Algengt er að nemendur lesi tímarit og dagblöð og hefur lestur á internetinu aukist samhliða því. Kom fram í rannsókninni að aðeins þriðji hver nemandi las skáldsögu eða aðrar bókmenntir á mánaðatíma. Rannsóknin sýnir einnig fram á að „frjáls“ lestur barna fer minnkandi. Ennfremur kom fram að stúlkur eru í miklum meirihluta að það er með því mesta sem gerist í heiminum (Almar M. Halldórsson 2006:10). Á samræmdum prófum hefur komið fram að tiltölulega stöðugur munur er á stúlkum og drengjum. Þessar niðurstöður fengust út frá samræmdum prófum síðastliðinna 10 ára (sjá mynd 1). Sýnt hefur verið fram á að nemendur sem njóta kvöldlestrar standa sig mun betur í íslensku en jafnaldrar þeirra, þegar upp í 4. bekk er komið. Kunnátta barna í íslensku breytist nokkuð frá öðru til þriðja árs. Má þar nefna að framvinda í íslenskunámi helst enn í hendur við hvort nemendur eru sterkir námslega og hvort þeir njóta kvöldlestrar. Eftir því sem lesreynsla barnanna eykst minnkar

¹ Rannsóknin náði til nemenda sem urðu 15 ára árið 2000

kvöldlestur annarra fyrir þau. Börnin lesa sjálf áður en þau fara að sofa.

Sýnir rannsóknin fram á mikilvægi þess að lesa fyrir börn og að börn kynnist bókmenntum strax á unga aldri. Þar kom einnig fram að þau börn sem ekki fengu næga „bókmennta kynningu“ á yngri árum, hafa ekki sama bókmenntalegan áhuga og jafnaldrar þeirra. Kennarar þurfa því að nýta sér betur bókmenntir í kennslu (Brynhildur Þórarinsdóttir 2006:40). Kennara þurfa að



Mynd 1: Kynjamunur á samræmdum prófum 10. bekkjar (Almar M. Halldórsson, 2006:10).

fylgjast með því sem er að gerast í heimi barnabókmennta og verð viðræðuhæfir við börnin um nýjar bækur og vekja þannig áhuga þeirra á lestri.

2.2 Bókmenntir við kennslu

Barnabækur eru mikilvægar til að efla lestraránægju barnanna og eins ýta þær undir lesskilning og árangur við lok grunnskólans (Brynhildur Þórarinsdóttir 2006:41). Foreldrar sem og kennarar verða að ýta undir áhuga barna á lestri bóka og hvetja til lestrar. Það gerir það að verkum að foreldrar og kennarar þurfa að sýna áhuga gagnvart þeim bókum sem börnin eru að lesa og tileinka sér þær nýjungar sem fram koma með frekari þróun bókmennta.

Fyrir þrettán árum skrifaði Þuríður Jóhannsdóttir grein þar sem hún hvatti kennara til að nýta sér barnabækur í kennslu (Brynhildur Þórarinsdóttir 2006:40). Hún taldi að möguleikar á nýtingu barnabókmennta í kennslu væru vannýttir. Ennfremur taldi hún að lestrartæknin væri ekki nýtt til frekara náms. Bókmenntir í kennslu geta á svo margan hátt stutt við og ýtt undir aðra þætti sem nemandinn þarfnast í leik og starfi. Sem dæmi má nefna sjálfsmynd beggja kynja, breytileika sem verður í þroska nemandans, þátttöku nemandans í því samfélagi sem hann býr í o.s.frv.

Mikilvægt er að velta fyrir sér hvort unnt sé að nýta barnabókmenntir frekar til kennslu og því þarf kennarinn að kynna sér bækur sem eru ekki eingöngu kennsluefni í íslensku heldur er hægt að nýta bókmenntir í flest öllum greinum sem Aðalnámskrá grunnskóla tekur til. (Brynhildur Þórarinsdóttir 2006:42)

Í Aðalnámskrá grunnskóla er áhersla lögð á að móðurmálskennsla sé sem heildstæðust (Aðalnámskrá grunnskóla 2007:48). Markmiðin eru birt í undirflokkum og þar stendur að nemandinn verði að vera læs á bókmenntatexta af ýmsu tagi. Þar segir ennfremur að bókmenntakennsla verði að vera sem víðtækust svo að nemandinn fái sem fjölbreyttustu sýn á mismunandi bókmenntatexta. Nemandinn þarf að hafa þekkingu, skilning og áhuga á bókmenntunum til að geta tjáð tilfinningar sínar og opnað hugarheim sinn. Það er í höndum kennarans að leiðbeina nemandanum til að nýta sér mátt bókarinnar, læra að kafa undir yfirborðið og meta það sem í boði er. Máttur frásagnarinnar er mikilvægur fyrir börn og hefur það sýnt sig að lestur eflir kunnáttu þeirra í tungumálinu. Að hlusta á sögu eykur orðaforða barnsins og kennir því einnig mynstur tungumálsins (Huck 1997:14). Að lesa upphátt fyrir börn er ein af þeim bestu aðferðum sem foreldrar og kennarar geta notað til að barnið öðlist betri skilning á tungumálinu og geti tileinkað sér hugtök bókmenntanna sjálfra. Upplifun og samsömun við sögupersónurnar er eitt af grundvallareinkennum á lestri barna. Börn verða að geta skilið söguna til hins ýtrasta og fundið sig í sögupersónunni. Börn þurfa að geta lifað sig inn í söguna og upplifað þau áhrif sem sagan kemur til með að skilja eftir. Þetta er list sem er í höndum lesandans. Að heyra sögu lesna er áhrifamikil leið til að börn fái lestraráhuga. Það getur haft skaðleg áhrif á börn ef ekki er lesið fyrir þau frá unga aldri (Zwier 2006:144). Kemur það aðallega niður á orðaforða og einbeitingu barnsins. Oft á tíðum taka börnin frekar eftir erfiðum og nýjum orðum í bókinni sjálfri. Þau vita ekki nafn bókarinnar en þau þekkja innihald hennar. (Huck 1997:14). Sýnir þetta fram á orðaforðanám barnsins (aukningu orðaforða). Börnum finnst gaman að kljást við erfið orð og velta þeim fyrir sér. Barnið veit vel um hvað bókin fjallar og hvernig sagan endar áður en það veit nafn bókarinnar.

Stundum vakna spurningar um hvað sé æskilegt að lesa lengi í hvert skipti (Zwier 2006:144). Sá tími ræðst einkum af fyrri lestrarreynslu barnsins. Æskilegt er að lesa einu sinni til tvisvar á dag og alltaf á sama tíma dagsins til dæmis fyrir

svefninn. (Thompson 1997:60) Með reglulegum kvöldlestri má auka einbeitningu barnsins við hlustun á lestrinum. Gott er að lesandinn láti fingurinn fylgja textanum og benda á myndirnar. Þá nær barnið smá saman að tengja saman innihald textans og myndina. Auka má áhuga barnsins með því að ræða um efni bókarinnar og fá barnið til að giska á atburðarásina. Þannig heldur lesandinn áthygli barnsins. Kennarinn þarf því að vanda val sitt og huga að því hvernig textinn falli inn í það námsefni sem unnið er með hverju sinni. Gott er að hafa í huga að betra er að vinna með heildina og nýta efnið á sem heildstæðastan hátt.

Hér sannast að sá tími sem fer í upplestur sé einn af mikilvægustu tímum í skólanum og því ætti að tengja upplestur við sem flesta þætti námskráarinnar (Brynhildur Þórarinsdóttir 2006:40). Þótt kennarar lesi stundum upphátt fyrir nemendur sína eftir að þeir hafa lokið við verkefni sín og beðið er eftir að bjallan hringi út eða noti lestur til að róa bekkinn er mikilvægt að hafa í huga að lestur bókmennta eða annars texta er engin tímasóun. Barnabók, þar sem áhugamál barnanna eru í brennidepli, getur skipt sköpum. Börn þurfa að finna ánægjuna í bókmenntum og lestri áður en þau fara að glíma sjálf við og þróa hæfni í að lesa sér til ánægju (Huck 1997:8).

Augljóst er að bókmenntir hafa mjög mikil áhrif á ung börn og geta gagnast þeim á marga vegu (Huck 1997:13). Það hefur sýnt sig að því meira sem lesið er fyrir börn á meðan þau eru ung, þeim mun meiri áhuga sýna þau á að læra sjálf að lesa. Í skóla í New York var lesið í 20 mínútur á dag. Því næst voru börnin látin vinna með textann. Hvort sem þau endursögðu hann, skrifuðu hann upp aftur eða fundu sögu sem svipaði til þeirrar sem kennarinn las, hafði þessi vinna svo mikil áhrif að þau börn sem voru í þessum hópi, höfðu tilfinningalega meiri lestraráhuga en börn sem ekki fengu sömu sögustundir. Þetta ýtti undir áhuga barnanna á að vinna með alvöru bækur sem hjálpuðu þeim að öðlast undirstöðu í lestri.

Flest fullorðið fólk veit hversu auðvelt lítil börn eiga með að lifa sig inn í sögur (Brynhildur Þórarinsdóttir 2006:39). Þau verða til að mynda hrædd við úlfinn í *Rauðhettu og úlfinum* og þegar *Emma eignast vin* gleðjast þau. Rannsóknir sýna að það er auðveldara fyrir börn yngri en 15 ára að lifa sig inn í sögur. Kennarar þurfa því að taka saman höndum, æfa og ýta undir „frjálsan“ lestur nemenda. Það er ekki sjálfgefið að börn kunni að lifa sig inn í söguna. Þess vegna þurfa þau oft á tíðum að fá leiðsögn eldri lesenda. Hér endurspeglast enn sú staðreynd hversu mikilvægt er að lesa fyrir börn hvort sem þau eru ung eða

sjálf byrjuð að lesa. Orðaforði, málþroski sem og ímyndunarafl eykst (Thompson 1997:60). Einnig er þetta góð leið til að efla samveru fjölskyldunnar.

„Þegar við lesum búum við til okkar eigin tengingar og myndir. Bókin býr innra með okkar, endurskapast inni í okkur um leið og við lesum. Það er höfundur á bak við bókina en það erum við sem gefum henni líf með því að lesa hana“
(Gaarder 2003:7).

Sýnt hefur verið fram á að vitsmunlegur þroski heilans örvast við það eitt að setið er með barnið í fanginu og góð bók lesin. Þetta kemur einnig fram í líkamlegum þroska barnsins. Upplifun af efni bókarinnar snertir bæði hlustandann og lesandann. Ef tekið er dæmi um bókina Lísu í Undralandi, þá byggist upplifun lesandans á því hvort hann hefur gott ímyndunarafl (Huck 1997:6). Ef barnið hefur ekki ímyndunarafl til að gera sér bakgrunninn í hugarlund, þá rýrnar gildi sögunnar, þ.e. upplifunin, byggist á ímynduðum heimi barnsins. Afl bókmennta er mikið og því ekki óeðlilegt að þær gagnist nemanda við að skilja samfélag sitt. Á ungaaldri er gott að byrja að lesa einfaldar sögur sem kennir barninu tenginu við sitt daglega líf (Thompson 1997:60). Þar má nefna búðarferð, ferð til læknisins eða heimsókn til ömmu og afa. Byggir þetta upp ímyndunarafl barnsins og kennir því að tengja sig við efni bókarinnar. Seinna meir reynir á þessa reynslu þegar barnið þarf að ímynda sér hugarheim líkt og sagan af Lísu í Undralandi.

3. Kennsluaðferðir

Engin ein kennsluaðferð er svo góð að hún dugi ein og sér (Lilja M. Jónsdóttir 1996:6). Kennarinn þarf að hugleiða hvaða kennsluaðferðir og markmið henta hverju námsefni fyrir sig (Aðalnámskrá grunnskóla 1999:31). Lykilhugtak kennsluaðferða er fjölbreytni. Með því að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir er mun líklegra að kennarinn nái að koma til móts við sem flesta nemendur. Samkvæmt Aðalnámskrá ber kennarinn faglega ábyrgð á því að velja sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir. Hann þarf að taka mið af aldri, þroska og getu nemenda. Líta þarf til þeirra markmiða sem sett eru fram í námskránni því það leiðir til árangursríkari kennslu. Í þessum kafla verða taldar upp og sagt frá þeim kennsluaðferðum sem gott er að notast við í kennslu á þeim verkefnum sem samin hafa verið við bókina.

3.1 Samþætting námsgreina

Í Aðalnámskrá segir að með samþættingu námsgreina þjálfast nemendur á margvísilegan hátt (Aðalnámskrá grunnskóla. 2007:6). Með samþættingu er átt við að vinna nemenda nái að tengja saman á skilvirkan hátt margar námsgreinar og ná þannig merkingarbærri heild (Þóra Björk Jónsdóttir 2003). Í þessu tilfelli er texti úr bókinni Krókópókó lesinn fyrir nemendur og er það í höndum kennarans að leiða verkefnið áfram með opnum lykilspurningum. Mikilvægt er að nemendur séu hvattir til áframhaldandi vinnu og hugleiðinga. Verkefnið tengist gjarnan daglegu lífi nemenda. Þeir þurfa að leita leiða í mörgum mismunandi námsgreinum og leggja þarf áherslu á þá sameinginlegu þætti sem fram koma í námskránni. Nemendur verða að gera sér grein fyrir að þekking er sjóður sem erfitt er að skipta niður milli námsgreina.

3.2 Hópvinnubrögð

„Hópvinnubrögð eru í raun samheiti yfir margar kennsluaðferðir“ (Ingvar Sigurgeirsson 2005:131). Mikilvægt er að efla hópavinnu og þjálfna nemendur í að vinna saman í hóp. Seinna á lífsleiðinni er nokkuð víst að nemendur eigi eftir að vinna með öðrum. Því er nauðsynlegt að efla nemendur í þeirri kúnt að vinna í hóp. Þar taka nemendur á þeirra kúnt að virða skoðanir og álit annarra. Því er hópvinna mikilvæg fyrir nemendur.

3.3 Umræðu- og spurnaraðferðin, sjónsköpun

Umræðu- og spurnaraðferðin byggist á því að kennarinn varpar fram spurningum sem og aðferðum til að opna umræðuna sem skapast út frá þeirri sögu sem lesin var fyrir nemendur (Ingvar Sigurgeirsson 2005:92). Er þetta þýðingarmikil aðferð til að opna samræður á milli nemenda um þátt þeirra í lífinu og mismunandi upplifunum. Þegar þessari aðferð er beitt er mikilvægt að kennslustofan sé þannig skipulögð að nemendur sjái vel framan í hvort annað.

Opnar spurningar gera kennaranum kleift að bera fram röð af spurningum sem leiðbeina nemendum að hugsa rökrétt um umræðuefnið (Ingvar Sigurgeirsson 2005:94). Með spurningum eða þankahríð/hugstormun (brain storming) er markmiðið að opna umræðurnar. Þessi aðferð ýtir undir sjálfstæða hugsun nemendanna.

Sjónsköpun er aðferð sem kennarinn notar til að nemendur geti tengt sjálfa sig við söguna (Ingvar Sigurgeirsson 2005:100). Hér er nemandinn beðinn um að setja sig í spor sögupersónunnar. Þessa aðferð mætti nota bæði við leikræna tjáningu og eins sem ritunarverkefni. Tilvalið væri að biðja nemendur að setja sig í spor persóna í sögunni og skrifa til dæmis: Ef ég væri lítill krókódill.

Hægt er að nota leikræna tjáningu í framhaldi af sjónsköpunaraðferðinni og fá nemendur til að setja atriðið á svið (Ingvar Sigurgeirsson 2005:102). Eins og nafnið bendir til er leikræn tjáning túlkun nemenda á verkefninu með leikrænum hætti. Hér er markmiðið að leggja áherslu á ímyndunaraflið og sköpunargáfu nemandans. Líta verður á hæfni nemandans til að setja sig í spor annarra. Með styrkingu verður að efla nemandann í að skynja og styrkja samhæfingu skynjunar og hreyfinga. Stuðla þarf að hópavinnu og samkennd í hópunum. Megintilgangur

Þessar aðferðar er að virkja alla nemendur í að vera með og tjá tilfinningar sínar í sögunni.

Myndsköpun er aðferð sem flestir kennarar ættu að tileinka sér (Ingvar Sigurgeirsson 2005:106). Þá eru nemendur látnir túlka verk sín á myndrænan hátt. Myndsköpun þarf ekki að vera flókin, hún þarf einungis að túlka svör við þeim spurningum sem fram eru lagðar. Gott er að nota þessa aðferð sem framhald af þeim opnu spurningum sem talað var um hér að framan.

3.4 Skrifleg tjáning, vinnublaðakennsla og þrautalausnir

Skrifleg tjáning er kennsluaðferð sem flokkast undir margskonar ritunarverkefni (Ingvar Sigurgeirsson 2005:107). Vinnslu efnisins má setja fram á ýmsan máta. Til að mynda mætti setja textann fram á formi dagbóka, skýrslna, sögu eða á veggspjöldum.

Vinnublaðakennslu svipar mjög til vinnubókarkennslu nema í þessu tilfelli er vinnan lögð fram á stökum blöðum og gefur því augljóslega meira svigrúm (Ingvar Sigurgeirsson 2005:76). Þar þurfa nemendur ekki að huga að uppsetningu verkefnisins.

Þrautalausnir ýta undir rökhugsun nemandans (Ingvar Sigurgeirsson 2005:109). Sú aðferð felst í því að finna lausnarefni og ljúka þeim með markvissum hætti. Hér gegnir sjálfstæði nemandans stóru hlutverki, því hér þurfa nemendur að takast á við margslungin viðfangsefni til að finna lausn verkefnisins.

3.5 Ef- og innlifunaraðferðin

Segja má að eitt af þeim stóru orðum sem til eru í okkar tungumáli sé orðið „ef“ (Ingvar Sigurgeirsson 2005:114). Kennsluaðferð sem nefnist Ef-aðferðin felst í að kennarinn setur fram spurningar sem hefjast á: „Ef þú værir...“, „ef þetta hefði ekki verið...“ eða hvað hefði gerst ef eitthvað hefði farið á annan veg? Þessi aðferð ýtir undir sjálfstæða hugsun nemenda og ímyndunarafli. Aðferðin tengist mjög hlutverkaleik þar sem nemendum er kennt að ímynda sér annan hugarheim og lifa sig inn í aðstæður.

Þessar aðferðir haldast í hendur og er auðveldlega hægt að draga saman þá þætti sem falla inn í aðferðirnar. Þeir eru að spyrja nemendur „ef“ spurningar og lifa sig inn í þær aðstæður sem kynnu að skapast/breytast með spurningunni. Áhugavert er að lifa sig inn í og túlka annan hugarheim hvort sem hann er leikinn, skrifaður eða finnur sér farveg í myndsköpunaraðferðinni. Ekki er öllum kleift að lifa sig inni aðstæður og því mikilvægt að kennarinn gefi hverjum nemanda kost á að upplifa söguna á sinn hátt (Ingvar Sigurgeirsson 2005:98). Innlifunaraðferðinni beitir kennarinn við aðstæður þar sem nemandinn þarf að tjá sig með einhverjum hætti. Aðferðin krefst þess að nemandinn „lifi sig inni“ þær aðstæður sem nemendur og kennari skapa með lestri sögunnar.

3.6 Leitaraðferðin, efnis- og heimildakönnun

Þessar tvær kennsluáðferðir haldast vel í hendur. Þær byggjast upp á því að nemendur afli sér upplýsinga um efnið með einum eða öðrum hætti (Ingvar Sigurgeirsson 2005:124). Leitaraðferðinni er líkt við vinnu vísindamanna þar sem vettvangur er rannsakaður. Efnis- og heimildakönnun felst í því að leita sér að viðfangsefnum sem auka þekkingu á því efni sem tekið er fyrir. Nemendur fá reynslu af því að vinna efnið sjálfstætt. Þessi aðferð styrkir, eins og svo margar aðrar, vinnu og sjálfstæða hugsun nemandans. Nemandinn fær hér tækifæri til að búa til og þjálfast í kynna efnið á sinn hátt fyrir skólafélögum sínum.

4. Krókópókó

Bókin Krókópókó eftir Helgu Ágústsdóttir segir frá litlum krókódíl sem heitir Krókópókó. Hann býr í frumskóginum ásamt mömmu sinni og pabba. Í skóginum búa einnig mörg önnur dýr sem koma við sögu. Þar má nefna, apa, flóðhest, slöngu og skjaldbökur.

Bygging bókarinnar er með þeim hætti að hún skiptist í þrjár stuttar sögur sem allar hafa sinn boðskap. Fyrsta sagan er Krókópókó og hjálpsemin, önnur sagan er Krókópókó og slöngubarnið og síðasta sagan heitir Krókópókó og nei-veikin.

4.1 Krókópókó og hjálpsemin

Fyrsta sagan fjallar um það þegar Krókópókó fær apann til að ná í banana fyrir sig upp í tré. Í staðinn launar Krókópókó honum með því að synda með hann á fljótinu. Boðskapur sögunnar er hjálpsemi eins og nafn hennar bentir til og það hvernig Krókópókó lærir að gleðja aðra og verða glaður yfir því sjálfur.

Verkefnin með þessari sögu byggjast á því að mæla bros nemenda og setja það upp í súlurit. Nemendur búa til sína “hollustöppu” og velta fyrir sér næringargildi stöppunnar. Einnig fylgir með hugmynd að ritunarverkefni, ljóðagerð og uppsetningu orðabanka.

4.1.1 Hvað er brosið mitt langt?

„Þetta fannst apanum þjóðráð og hann brosti svo breitt, að minnstu munaði að hann glepti á sér eyrun“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:10)

Geta nemendur brosað svo breytt að þeir geti glept eyrun?

Verkefnið fellst í því að nemendur mæla hversu langt bros þeirra er. Hver nemandi

teiknar sjálfsmynd og klippir spotta jafnlangan breiðasta brosinu sínu og notar hann sem munn á sjálfsmyndina. Hver nemandi mælir sitt bros með spottanum og segir til um hversu langt það er. Þetta verkefni á að nota með næsta verkefni þar sem nemendur gera súlurit með broslengdinni.

Markmið

Að nemendur:

- átti sig á því að beita má ýmsum hlutum eins og t.d. garnspotta þegar verið er að mæla lengd hluta sem eru óreglulegir í laginu og erfitt að mæla með hefðbundnum mælitækjum.
- geti unnið tvö og tvö saman, hjálpast að og borið virðingu fyrir hvort öðru.

Námsgögn

- Garnspottar, helst rauðir, til að mæla bros
- Reglustika
- Skæri
- Lím
- Litir
- A4 blað til að lita sjálfsmynd eða pappadiskar (litið er þá aftan á diskinn)

Kennsluaðferðir

Samþætting námsgreina (sjá kafla 3.1)

Hópvinnubrögð (sjá kafla 3.2)

Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)

Vinnublaðakennsla (sjá kafla 3.4)

Það er undir kennaranum komið hvort nemendur vinna tveir og tveir saman eða ekki.

Nemendur:

1. leggja bandspottann við annað munnvikið.
2. reyna svo að brosa eins breytt og þeir geta.
3. leggja spottann meðfram vörunum þangað til hann er kominn að hinu munnvikinu og klippa.
4. mæla lengd spottans og skrá hjá sér.

5. Líma að lokum spottann inn á sjálfsmyndina.

Ath! brýna skal fyrir nemendum að klippa ekki á spottann þegar hann liggur að andliti þeirra.

4.1.2 Hver á lengsta brosið?

Þetta verkefni er framhald af: Hvað er brosið mitt langt?

Markmið

Að nemendur:

- geti námundað að heilli og hálfri tölu
- geti lesið úr súluriti
- geti unnið með vasareikni

Kennsluaðferðir

- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)

Námsgögn

- A3 blað með súluriti
- Broskarlar (sjá fylgiskjal 3)
- Kennaratyggjó
- Blýantar
- Broslengdin frá verkefninu: Hvað er brosið mitt langt?

Kennari býr til grunn að súluriti á A3 blað.

Hver nemandi fær broskarl og skrifar á hann nafnið sitt og broslengdina sem mældist. Því næst límir hver nemandi sinn broskarl á súluritið sem kennarinn hefur útbúið.

Hvað á bekkurinn langt bros? Öll brosin eru reiknuð saman. Gott er að virkja nemendur í að finna út hver reikningsleiðin er. Það má til dæmis byrja á að reikna út hverja súlu fyrir sig og svo leggjum þær allar saman.

4.1.3 Hollastappa

„- Hvers vegna ertu svona fýldur á svipinn? – spurði hann og horfði á grænu blettina á smeknum, sem Krókópókó hafði gleymt að taka af sér.

- Æ, það var enn einu sinni hollastappa, - sagði Krókópókó “
(Helga Ágústsdóttir [án árs]:12).

Hvað skildi hafa verið í hollustöppunni hans Krókópókó?

Hér verða nemendur að átta sig á því að Krókópókó býr í frumskógi, svo það er spurning hvaða hollusta vex í kringum hann.

Markmið

Nemendur eiga:

- að taka tillit til og hlusta þegar aðrir eru að tala
- að gera sér grein fyrir því hvað er hollt og hvað er óhollt
- að átta sig á mikilvægi þess að borða hollan mat
- að gera sér grein fyrir því hvað er ætilegt í frumskógum

Kennsluaðferðir

- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)

Hvað myndu nemendur vilja hafa í hollustöppunni sinni? Nemendur verða hér að gera sér grein fyrir því hvað sé hollt og hvað ekki. Enn fremur að átta sig á því að mismundandi framleiðsla á mat dregur úr næringargildi hans. Nemendur velta fyrir sér hvað telst til hollustu og hvaða matvörur eru í þeim flokki. Að lokum koma nemendur sér saman um innihald hollustöppu hópsins.

Getum við sett pylsur í hollustöppuna? Af hverju ekki? Af því að unnar kjötvörur eins og t.d. pylsur og bjúgu eru ekki talin hollur matur. Fiskur er hollur en hvað með fiskbúðing? Getur bekkurinn að loknum umræðum komið sér saman um

Hægt er að kaupa kókoshnetur í matvöruverslunum og væri því gaman ef kennarinn gæti sýnt nemendum hvernig matarskálin hans Krókópókó leit út.

4.1.4 Hvað myndir þú gera ef þú værir einhver annar?

„Krókópókó dreymir um að fá banana að borða, en hann veit ekki hvernig hann á að fara að því að nálgast þá.“ (bls.8)

“- Mig langar svo að prófa, hvernig það er að vera úti á Fljótinu og líða áfram. En ég kann ekki að synda og þess vegna datt mér í hug að biðja þig að synda með mig á bakinu“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:7).

Nauðsynlegt er að geta sett sig í spor annarra og að finna út hvernig viðkomandi myndi líða? Hér setja nemendur sig í spor Krókópókó og/eða apans og velta fyrir sér hvernig þeim liði ef þeir væru í þeirra sporum.

Kennarinn varpar fram opnum spurningunum og skapar umræður: hvernig myndi ykkur líða og hvað mynduð þið gera ef þið væruð í sporum dýranna?

Fyrst ræðir bekkurinn saman og skiptist á hugmyndum. Að lokum skrifar hver og einn niður hvað hann myndi gera, annaðhvort í ritunarbók eða á blað eftir því hvað kennarinn kýs. Gaman væri að myndskreyta.

Markmið

Að nemendur:

- geti sett sig í spor annarra við ýmsar aðstæður
- taki tillit til annarra og hlusti á meðan þeir tala
- geti tjáð hugsanir sínar og komið sínum skoðunum á framfæri
- séu sjálfstæðir og sýni sjálfstæð vinnubrögð
- vandi frágang við vinnu sína
- skrifi stóran staf og lítinn þar sem við á

Kennsluaðferðir

- Samþætting námsgreina (sjá kafla 3.1)
- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)
- Skrifleg tjáning (sjá kafla 3.4)
- Ef- og innlifunaraðferðin (sjá kafla 3.5)

Lykilsetningar sem hægt er að nota:

Ef ég væri Krókópókó þá liði mér...

Ef ég væri Krókópókó þá myndi ég...

Ef ég væri apinn þá liði mér...

Ef ég væri apinn þá myndi ég...

(sjá dæmi um vinnublað á fylgiskjali 1)

4.1.5 Orðabanki

Á fyrstu grunnskólaárunum eru börn móttækilegust fyrir nýjum orðum og því tilvalið að þróa orðaforða þeirra með ýmsum hætti. Hér er kynnt „orð dagsins“ sem felst í því að eitt orð er tekið fyrir og skrifað á töfluna. Mikilvægt er að orð sem þegar hafa verið tekin fyrir séu sýnileg. Rifja það upp og fara yfir þýðingu þeirra. Gott væri að nýtast við stór blöð eða flettistöflu svo hægt sé að geyma áður unna vinnu.

Markmið

Að nemendur:

- læri að nota orðabækur
- þrói orðaforða sinn í gegnum umræður
- geti sagt sínar skoðanir og/eða hugmyndir
- taki tillit og hlusti á meðan aðrir nemendur tala

Kennsluaðferðir

- Umræðu- og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)
- Leitaraðferðin, efnis- og heimildakönnun (sjá kafla 3.6)

Dæmi um orð dagsins: frumskógur

Hvað er frumskógur? Nemendur velta fyrir sér orðinu og þýðingu þess. Þá er orðinu flett upp í orðabók og niðurstöður bornar saman. Eru skýringar hennar svipaðar niðurstöðu nemendanna? Skv. nýjustu orðabók Eddu útgáfu stendur: frumskógur: óræktaður þéttvaxinn skógur (oft í hitabeltislöndum), oft með flækjuviðum, heimkynni villtra dýra (Íslensk Orðabók. 2002: 397).

Annað dæmi um orð dagsins: hjálpsami

Skv. Orðabókinni stendur: Hjálpsami: það að vera hjálpsamur. Hjálpsamur: hjálpfús. Hjálpfús: sá sem veitir hjálp fúslega, hjálpsamur (Íslensk Orðabók. 2002:593). Að lokum eru umræður um niðurstöður nemenda og það sem kom fram í orðabókinni.

4.1.6 Frumskógarorðaleikur

Krókópókó og vinir hans búa í frumskóginum. Hvaða orð tengja nemendur við orðið frumskógur? Hvað er það fyrsta sem nemendum dettur í hug þegar þeir heyra orðið frumskógur?

Hér fær hver nemandi lítið blað. Kennarinn varpar fram spurningum hver og einn skrifar á blaðið það sem fyrst kemur í hugann á þess að segja það upphátt. Nemendur lesa því næst niðurstöðurnar. Gaman er að sjá hvaða orð var kom oftast fyrir og gott er að kennarinn skrifað orðin sem koma fram á töfluna og um leið búið til einhverskonar tíðnitöflu.

Markmið

- Að nemendur geti sett sínar eigin hugmyndir á blað án þess að láta umhverfið í kring trufla.

Kennsluaðferðir

- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)
- Skrifleg tjáning (sjá kafla 3.4)

4.1.7 Ljóðagerð

Eftir að hafa unnið með orð dagsins ættu nemendur að hafa bætt við orðaforða sinn. Frekari vinna með orðin eru að nýta þau í ljóðagerð. Hægt er að leyfa nemendum að nýta orðin frjálst eða að setja það upp þannig að hver setning byrji á tilteknum staf: Dæmi um uppsetningu:

K	H	F
R	J	R
Ó	Á	U
K	L	M
Ó	P	S
P	S	K
Ó	E	Ó
K	M	G
Ó	I	U
		R

Markmið

Að nemendur:

- geti nýtt þann orðaforða sem unnið var með
- noti sköpunargáfu og ímyndunarafli
- æfist í að rita ýmsar útgáfur af texta

Kennsluaðferðir

- Skrifleg tjáning (sjá kafla 3.4)

4.1.8 Vettvangsferð

*„Þeir liðu upp eftir og flutu hratt niður eftir. Apinn skríkti af kæti:
- þetta er miklu skemmtilegra, en mér hafði nokkurn tíma dottið í hug -“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:13).*

Hér mæla nemendur straumhraða vatns og velta fyrir sér afli hans og krafti. Nemendur þurfa að gera sér grein fyrir að ómögulegt er að fljót á móti straumnum.

Markmið

Að nemendur:

- geti unnið saman og farið eftir fyrirmælum
- átti sig á krafti og straum vatns
- sýni sjálfstæði í verkum
- geti unnið með ýmis mælitæki eins og t.d. málband og skeiðklukku

Kennsluaðferðir

- Samþætting námsgreina (sjá kafla 3.1)
- Hópvinnubrögð (sjá kafla 3.2)
- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)
- Vinnublaðakennsla (sjá kafla 3.4)

Námsgögn

- Lítil lækur
- Skeiðklukka
- Hlutur sem flýtur
- Blað og blýantur
- Málband

2-3 vinna saman í hóp eftir því hvað kennarinn telur best. Einn sér um að taka tímann, annar sér um að skrifa niðurstöðurnar og sá þriðji sér um að setja hlutinn í vatnið. (sjá Fylgiskal 2)

4.2 Slöngubarnið

Önnur sagan segir frá þegar Krókópókó langar að leika við slöngubarnið en apinn vill það ekki. Í þessari sögu kemur einelti sterklega í ljós og boðskapur hennar er að við getum leikið við hvern sem er. Sýnir sagan nemendum hvernig hægt er að finna það besta í hverjum og einum. Krókópókó og apinn komast ekki að hæfileikum slöngubarnsins fyrr en þeir eru orðnir vinir.

Verkefni þessarar sögu felast helst í því nemendur hanna sitt eigið teppi úr

laufblöðum, búa til orðabanka og með leikrænni tjáningu setja nemendur sig í spor annarra. Einnig vinna nemendur með hæð sína og lengd slangna.

4.2.1 Myndmennt

„- Ég var að reyna að búa mér til teppi, úr laufblöðum, en það er fjarska erfitt, þegar maður hefur engar hendur og ekki einu sinni fætur, - svaraði slangan smáa“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:20).

Nemendur búa hér til laufblaðateppi. Krókópókó og slangan nota stutta grein til að þræða lafin saman. Hér er notast við pappír eða laufblöð. Hægt er að safna saman laufblöðum til að nýta sem efni í teppið. Hægt er að gera þetta verkefni með margskonar hætti. Til dæmis að safna sama laufblöðum úti og þurrka. Hægt að lita mörg laufblöð, klippa út og líma á blað. Einnig væri hægt að klippa laufblöð úr mismunandi lituðum pappír. Þegar búið er að klippa út öll laufblöðin eru þau límd fallega niður á blað. Þegar við erum með fjölmörg falleg laufblöð er gaman að velja fallegt blað til að líma sem bakgrunn.

Markmið

Að nemendur:

- noti sköpunargáfu og ímyndunarafl
- vandi frágang og vinnubrögð
- fari eftir fyrirmælum

Kennsluaðferðir

- Samþætting námsgreina (sjá kafla 3.1)
- Hópvinnubrögð (sjá kafla 3.2)
- Sjónsköpun (sjá kafla 3.3)

Námsgögn

- A4 blað í laufblaðalit til að líma lafin eða þurrkuð laufblöð. (Fylgiskjal 4)
- Litaður pappír

- Litir
- Skæri
- Lím

Ath. Ef farið er út að týna laufblöð er dreift úr þeim á pappír t.d. dagblöð og látn þorna á þeim. Hver kennari verður svo að meta það hvenær laufblöðin eru orðin nógu þurr rakinn getur verið mismikill. Ef til vill er ekki gott að láta laufblöðin þorna of mikið því þá verður erfiðara að meðhöndla þau. Þegar laufin eru orðin hæfilega þurr er hægt að líma þau á blað.

4.2.2 Setning vikunnar/orðatiltæki vikunnar - orðabanki

„- Það segirðu þó satt, ekki er þetta teppislegt, - sagði Krókópókó og glotti pínulítið. En svo mundi hann hvað pabbi var vanur að segja, þegar hann gerði eitthvað vitlaust. Þá brosti pabbi yfirleitt og sagði: - Nú reynum við aftur og förum okkur hægt“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:23).

Kennari og nemendur ræða merkingu orðasambanda og komast að niðurstöðum sem nemendur skrifa hjá sér. Til að nemendur fái meiri skilning á merkingu orðasambandsins eiga þeir að semja litla sögu sem inniheldur orðasambandið. Kennara er í sjálfsvald sett hvort hann lætur nemendur sína skrifa söguna á vinnublað eða í ritunarbók (fylgiskjal 5).

Markmið

Að nemendur:

- hlusti og beri virðingu þegar aðrir eru að tala
- komi sínum skoðunum á framfæri
- tali skýrt og greinilega
- geti skrifað niður texta út frá umræðum
- vandi frágang og vinnubrögð
- geri greinamun á stórum og litlum staf þar sem við á

Kennsluaðferðir

- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)
- Skrifleg tjáning

4.2.3 Lífsleikni

„Loks sagði Krókópókó: - Finnst þér ekki skrítið, að við vissum eiginlega ekkert um slöngur? Við héldum bara að þær væru vitlausar og gætu ekkert, af því þær eru öðru vísi en við. –
- Jú, sagði apinn, - það er skrítið og við skulum aldrei aftur vera svo vissir um að við vitum allt um önnur dýr, fyrr en við höfum kynnst þeim“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:25).

Hér skapast umræður um innlifun og túlkun hvers og eins á sögunni. Opnar spurningar eins og: Er þetta ekki rétt hjá apanum? Gildir ekki það sama um okkur mannfólkið?

Nemendur verða að átta sig á því að verið er að tala um að maður á ekki að dæma aðra eftir útlitinu og að öll erum við ólík.

Markmið

Að nemendur:

- læri að útlit fólks skiptir ekki máli
- hlusti og sýni virðingu á meðan aðrir eru að tala

Kennsluaðferðir

- Ef- og innlifunaraðferðin

4.2.4 Leikræn tjáning

„- Auðvita vissi hann að það var ekki fallett að skrökva, en honum fannst nú samt að það væri ekki nærri því eins ljótt og það, sem skjaldböckurnar voru að gera. Svo hann sagði bara –

Iss, iss, - við sjálfan sig,- (Helga Ágústsdóttir [án árs]:19).

Nemendur sviðsetja atriði með því að raða sér upp í hring eins og skjaldbökurnar gerðu. Kennarinn útbýr spjöld með orðum úr textanum (sjá fylgiskjal 6) Nemendur draga orð úr bunkanum og segja sína skoðun.

Dæmi: nemandi dregur spjald á spjaldinu stendur: að ljúga. Nemandinn segir sína skoðun á því hvort Krókópókó gerði rétta með því að ljúga að skjaldbökunum.

Markmið

Að nemendur:

- taki tillit og hlusti á meðan aðrir eru að tala
- geti komið sínum skoðunum á framfæri og virt skoðanir annarra
- sýni sjálfstæði í verki
- læri muninn á hvað sé rétt og rangt

Kennsluáðferðir

- umræðu- og spurnaraðferðin kafli 3.4
- hópinnubrögð kafli 3.2
- innlifunaraðferðin kafli 3.5

4.2.5 Slöngulengd og hæð nemenda

Til eru margar tegundir af slöngum og sumar þeirra geta orðið mjög langar. Nemendur bera saman hæð sína og lengd slangna. Nemendur velja sér slöngu sem þeir afla sér frekari upplýsingar um og kynna fyrir samnemendum.

Markmið

Að nemendur:

- læri að fletta upp í heimildum
- hlusti og fari eftir fyrirmælum
- átti sig á að hægt er að bera saman lengd og hæð

- sýni sjálfstæði í verki
- átti sig á að það eru 100 cm í 1 m og æfist í að breyta cm í m og öfugt
- vandi frágang

Kennsluaðferðir

- Samþætting námsgreina (sjá kafla 3.1)
- Hópvinnubrögð (sjá kafla 3.2)
- Vinnublaðakennsla (sjá kafla 3.4)
- Leitaraðferðin, efnis- og heimildakönnun (sjá kafla 3.6)

Námsgögn

- Dýraríkisbækur sem innihalda upplýsingar um slöngur. Hér er mælt með bókinni *Dýraalfraði fjölskyldunnar* (Jinny Johnson 1999:128). Hún gefur sem skýrustu myndina af slöngum, lengd þeirra og heimkynnum.
- Málband, ef nemandi veit ekki hvað hann er hár.
- Skýrslublað, sjá fylgiskjal 8
- Blýantur
- Litir

Nemendur skoða og lesa sér til um þá tegund af slöngu sem þeir völdu sér. Nemendur þurfa að vita hæð sína (ef þeir vita það ekki þurfa þeir að mæla hana).

Þegar hæð nemanda og lengd slöngu er komin á hreint, þá er að athuga hvor er lengri og hverju munar á hæð nemandans og lengd slöngunnar.

4.3. Krókópókó og Nei-veikin

Þriðja saga bókarinnar er sagan um það þegar Krókópókó fær nei-veikina og læknast með hjálp ömmu apans. Sagan sýnir hvað neikvætt fólk er fljótt að smita út frá sér. Daglegt líf fer úr skoðum og Krókópókó veit ekkert hvernig hann á að vera.

4.3.1 *Skrautfugl*

„Einu sinni keypti einn páfagaukurinn svo margar fjaðrir, að hann var bæði röndóttur og doppóttur þegar hann flaug heim“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:33).

Hvernig ætli þessi sérkennilegi páfagaukur hafi litið út? Nemendur búa til sína útgáfu af páfagauki.

Markmið

Að nemendur:

- sýni sjálfstæði í verki
- sýni sköpunargáfu og ímyndunarafli
- vandi frágang og vinnubrögð

Kennsluaðferðir

- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)
- Sjónsköpun (sjá kafla 3.3)

Námsgögn

- Páfagaukur (sjá fylgiskjal 9)
- Skæri
- Litir eða kreppappír
- Lím

4.3.2 *Matreiðslubók krókódílapabba*

„Þegar Krókópókó kom heim, sá hann hvar pabbi sat fyrir utan stóra trjábólinn sinn, með gleraugun á trýninu og „Matreiðslubók fyrir krókódílapabba“ í fanginu“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:31).

Hvað er í matreiðslubók krókódílapabba? Kennarinn skapar umræður með því að spyrja nemendur hvað þeir haldi að sé í matreiðslubókinni hans krókódílapabba.

Nemendur velta fyrir sér hvað vex í frumskóginum og hægt er að borða. Nemendur safna saman uppskriftum í uppskriftabók hópsins.

Markmið

Að nemendur:

- hlusti og sýni virðingu þegar aðrir eru að tala
- noti ímyndunarafl og sköpunargáfu
- vandi frágang
- átti sig á hvað er ætilegt í frumskóginum og hvaða dýr lifa þar

Kennsluaðferðir

- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)
- Sjónsköpun (sjá kafla 3.3)
- Skrifleg tjáning (sjá kafla 3.4)
- Vinnublaðakennsla (sjá kafla 3.4)

Hver nemandi getur ennfremur gert sína uppskriftabók. Hægt er að teikna eða klippa út myndir til að myndskreyta bókina. Tilvalið er að nota „fjölþósts“ bæklinga sem koma frá matvörubúðum.

Námsgögn

- 1-2 kökuuppskriftir að heiman
- Blöð til að skrifa á og teikna
- Efni til að binda bókina saman
- Blýantur og strokleður
- Litir

4.3.3 Svipbrigði

Stundum erum við glöð og brosum út að eyrum, stundum erum við leið og þá sígur brosið niður í skeifu. Svona breytist svipurinn eftir því í hvernig skapi viðkomandi er í. En hvað með röddina, er hún alltaf eins eða breytist hún eitthvað líka eftir því

Í hvernig skapi viðkomandi er í?

Markmið

Að nemendur:

- átti sig á því að það er hægt að finna út hvernig viðkomandi manneskju líður með því að hlusta á raddblæ hennar
- átti sig á að við höfum mismunandi tilfinningar
- hlusti og fari eftir fyrirmælum

Kennsluaðferðir

- Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)
- Innlifunaraðferðin (sjá kafla 3.5)

Aðaláherslan er að nemendur velti mismunandi raddblæ fyrir sér. Málsgrein er lesin, annað hvort af nemendum eða kennara. Eftir vangaveltur og hugmyndir um hvernig röddin hljómar t.d. þegar eitthvað er sagt mæðulega. Málsgreinin er síðan lesin aftur eins og nemendur halda að hún eigi að hljóma. Setningar sem hægt er að styðjast við: (sjá fylgiskjal 7)

4.3.4 Tónmennt

Hér er haldið áfarm að spá í röddina og prófað að syngja eftirfarandi lag með mismunandi tilfinningum þ.e. glaðri tilfinningu annars vegar og reiðri tilfinningu hins vegar.

Markmið

Að nemendur:

- taki virkan þátt
- komi skoðunum sínum á framfæri
- sýni virðingu þegar aðrir eru að tala
- hlusti og fari eftir fyrirmælum

Lag til dæmis: það var einu sinni api (sjá fylgiskjal 10) er sungið með mismunandi

raddblæ. Nemendum er skipt í hópa og skiptast hóparnir á að syngja með mismunandi raddblæ. Umræða sem kennarinn getur opnað: Hvort finnst nemendum auðveldara að syngja glaðir eða reiðir? Hvort er skemmtilegra?

4.3.5 *Lífsleikni*

„Hvað þýðir einmana? – spurði Krókópókó og var nú alveg hætt að lítast á blikuna“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:36).

Kennarinn varpar fram spurningunum og skapar umræður. Dæmi: Getið þið sagt Krókópókó hvað einmana þýðir? Muna nemendur hvað amma apans sagði að einmana væri? „ – Það er að vera einn og hafa engan til að vera með eða tala við“ (Helga Ágústsdóttir [án árs]:36).

Hvernig skyldi þeim líða sem eru einmana? Hafið þið einhvern tímann verið einmana? Hvað hafið þið ef þið eruð einmana?

Fyrst ræðir bekkurinn saman og skiptist á hugmyndum. Síðan skrifar hver og einn í ritunarbók hvað hann hefur gert svo hann sé ekki einmana eða notar blað eftir því hvað kennarinn kýs.

Markmið

Að nemendur:

- geti rifjað upp atriði úr sögu sem lesin var fyrir þá
- geti sagt frá liðnum atvikum í lífi sínu
- hlusti og beri virðingu á meðan aðrir eru að tala
- komi hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri

Kennsluaðferðir

Umræðu og spurnaraðferðin (sjá kafla 3.3)

Skrifleg tjáning (sjá kafla 3.4)

Innlifunaraðferðin (sjá kafla 3.5)

4.3.6 Klíppt og límt

- Mikið er ég fegin að þú skulir vera kominn – sagði mamma.
- Ég var að velta því fyrir mér, hvort ég kæmist ein með körfuna niður að Fljótinu. Þú værir nú vís til að hjálpa mér, vinur- (Helga Ágústsdóttir [án árs]:4).

Nemendur búa til klippimyndir af þvottasnúrum. Til þess þurfa þeir að nota karton og band, jafnvel spýtur sem hægt er að finna úti. Einnig þarf að nota ýmsa efnisbúta sem þeir klippa í form og búa til föt á snúrurnar.

Markmið

Að nemendur:

- geti unnið sjálfstætt
- geti nýtt sér grunnform stærðfræðinnar
- geti gert sér grein fyrir því að efni eru ólík viðkomu

Kennsluaðferðir

- Hópvinnubrögð (sjá kafla 3.2)
- Sjónsköpun (sjá kafla 3.3)

Námsgögn

- Karton
- Litir
- Band (snúrur)
- Tréspýtur eða trjágreinar
- Lím
- Ýmsir efnisbútar

4.3.7 Þvotturinn

Ritunar- og heimildarverkefni: Nemendur velta fyrir sér hvernig þvotturinn var þvegin áður en sjálfvirkar þvottavélar komu á markaðinn. Heimildavinna um heitt

vatn og hvaðan kemur vatnið í viðkomandi bæjarfélagi eða sveit.

Markmið

Að nemendur:

- geti unnið sjálfstætt
- komi hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri
- taki virkan þátt
- læri að leita að heimildum

Kennsluaðferðir

- Hópvinnubrögð (sjá kafla 3.2)
- Leitaraðferðin, efnis- og heimildakönnun (sjá kafla 3.6)

Námsgögn

- Blað eða bók til að skrifa í.
- Aðgang að bókasafni, internetinu eða heimildir um heimabyggð

4.3.8 Vettvangsferð

Nemendur fara í vettvangsferð í skóglendi og finna þar ýmislegt sem líma má á karton þegar heim er komið. Sem dæmi má nefna sprek, laufblöð og annað sem fellur til. Þegar til baka er komið búa þeir til mynd úr því efni sem fannst í ferðinni.

Markmið

Að nemendur:

- geti unnið saman og farið eftir fyrirmælum
- vandi frágang og vinnubrögð
- sýni sjálfstæði í verkum og vinnubrögðum

Kennsluaðferðir

Hópvinnubrögð (sjá kafla 3.2)

Sjónsköpun (sjá kafla 3.3)

Lokaorð

Í þessari ritgerð höfum við kynnt hvernig hægt er að nýta sér bókmenntir í kennslu. Við höfum sýnt fram á mikilvægi þess að lesa fyrir börn og teljum við það nauðsynlegt frá frumbersku. Þótt börnin nái ekki innihaldi efnisins hverju sinni, má búast við að þau velti orðunum talsvert fyrir sér. Það er því aldrei of snemmt að byrja að lesa fyrir börn. Eins og kom fram í PISA rannsókninni sem getið er um í öðrum kafla, þá virðast þau börn sem alast upp við lestur standa sig betur í námi heldur en þau sem njóta lítils lestrar eða einskis. Í ritgerðinni er bent á að tengslin sem skapast við fullorðinna þegar lesið er fyrir börn, eru mikilvæg.

Við sýndum fram á að bókmenntir nýtast vel sem kennslugagn og fjölluðum um hvernig mætti nýta þær til að skapa samþættingu námsgreina og stuðla þannig að heildstæðara námsefni. Slíkt teljum við nauðsynlegt þar sem nemendur eru ólíkir. Með samþættingu á kennarinn auðveldara með að aðlaga námsefnið að hverjum og einum. Þetta hentar vel skólum, sem leggja áherslu á einstaklingsmiðaða kennslu og að hver nemandi fái að njóta sín á sinn hátt.

Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla*. 1999. Menntamálaráðuneytið. Vefslóð
<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/almennt/almennur.html> [sótt 2. febrúar 2008]
- Aðalnámskrá grunnskóla*. 2007. Menntamálaráðuneytið. Vefslóð:
http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf [sótt 2. febrúar 2008]
- Almar M. Halldórsson. 2006. Námsmatsstofnun. Vefslóð:
http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_almar.pdf [sótt 12. apríl 2008]
- Brynhildur Þórarinsdóttir. 2006. Bókormafræði. *Skíma 2. tbl.* 29,2:38-42.
- Danielle's place of Crafts and Activities* Vefslóð:
<http://www.daniellesplace.com/images/leavesfall.gif> [sótt 12. apríl 2008]
- Gaarder, Jostein. 2003. Bækur fyrir heim án lesenda. *Börn og menning* 18,2:4-9.
- Helga Ágústsdóttir. [án árs]. *Krókópókó*. Höfundur gaf sjálfur út.
- Huck, Charlotte S, Susan Hepler, Janet Hickman, Barbara Z. Kiefer. 1997. *Children's Literatur in the Elementary School*. 6. útgáfa. Times Mirror Higher Education Group, Inc. Brown & Benchmark.
- Ingunn Ríkharðsdóttir. [án árs]. Heimasíða: *Leikskólinn Garðasel*. Vefslóð:
<http://www.akranes.is/gardasel/textargledi08.pdf> [sótt 13. apríl 2008]
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík. Æskan.

Íslensk Orðabók. 2002. ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík.

Jinny Johnson. 1999. Dýraalfræði fjölskyldunnar. Atli Magnússon og Örnólfur Thorlacius þýddu. 2003. Skjaldborg ehf.

Kruies, Carol Sue. 1990. *Learning through literature*. A Division of Libraries Unlimited, Inc. Englewood, Colorado.

Lilja M. Jónsdóttir. 1996. *Skapandi skólastarf*. Námsgagnastofnun. Reykjavík.

Smiley Face Coloring Pages vefslóð:

<http://www.coloringcastle.com/images/thumbnails/smileys/smiley.gif>
[sótt 12. apríl 2008]

The Puerto Rican Parrot vefslóð:

<http://www.elboricua.com/BKcolorPuertoRicanParrot.html> [sótt 12. apríl 2008]

Thompson, June. 1997. *Barnauppeldi*. Anna María Hilmarsdóttir íslenskaði 2000. 1. útgáfa. Uppeldi ehf. Reykjavík.

Zwier, Jeff. 2006. *Building Reading Comprehension Habits in Grades 6-12*. A toolkit of Classroom Activities. Delaware, International reading association

Póra Björk Jónsdóttir. 2003. *Samkenndsla árganga* vefslóð:

<http://skolar.skagafjordur.is/sfs/thema.php> [sótt 7. febrúar]

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1	Ef ég væri	-42-
Fylgiskjal 2	Skýrslublað: Straumhraði vatns	-43-
Fylgiskjal 3	Broskarlar	-44-
Fylgiskjal 4	Laufblöð	-45-
Fylgiskjal 5	Nú reynum við aftur og förum okkur hægt	-46-
Fylgiskjal 6	Leikræn tjáning.....	-47-
Fylgiskjal 7	Svipbrigði	-48-
Fylgiskjal 8	Skýrslublað: Hvort er lengri ég eða slangan?.....	-49-
Fylgiskjal 9	Páfagaukur	-50-
Fylgiskjal 10	Það var einu sinni api. (Lag).....	-51-

Fylgiskjal 1

Ef ég væri

Ef ég væri Krókópókó þá myndi mér líða

af því að

Ef ég væri Krókópókó þá myndi ég

Ef ég væri apinn þá myndi mér líða

af því að

Ef ég væri apinn þá myndi ég

Fylgiskjal 2

Skýrslublað
Straumhraði vatns

Dagsetning

Í hópnum okkar eru:

Hlutur sem var valinn.

Fjarlægðir:

50 cm= m³

100 cm= m³

150 cm= m³

Hvernig skiptuð þið verkunum á milli ykkar, hver gerði hvað?

Hvernig gekk?

Hvað hefði mátt fara betur?

Fylgiskjal 3



Mynd 2: (Smiley Face Coloring Pages)

Fylgiskjal 4



Mynd 3: (Danielle's place of Crafts and Activities)

Fylgiskjal 6

Var rétt hjá Krókópókó að ljúga að skjaldbökunum?	Var rétt hjá Krókópókó að bjarga slöngunni?	Var Krókópókó reglulega snjall?
Reyndist erfitt hjá slöngunni og Krókópókó að búa til laufblaðateppi?	Af hverju ætli Krókópókó hafi orðið illt í maganum?	Hvernig ætli það sé að vera öðruvísi en allir aðrir eins og t.d. slöngubarnið?
Eru flóðhestar vitrari en önnur dýr?	Þarf maður að eiga sömu vini og vinir manns eiga?	Býr ekki eitthvað gott og skemmtilegt í okkur öllum þó að við séum ekki öll alveg eins?

Fylgiskjal 7

Svipbrigði

1. „Hann hafði ekki legið lengi, þegar apinn, vinur hans, kom trítlandi og rak upp **gleðióp** þegar hann sá Krókópókó. – Skelfing var gott að rekast á þig – sagði apinn. – Ég var einmitt að leita að einhverjum, til að leika við.“ (bls.29)
2. „Jæja, ég get svo sem gert það, fyrst þú endilega vilt – sagði Krókópókó **mæðulega** og reis á fætur.“ (bls.29)
3. „Þetta eru ekki fjörutíu laufblöð – **tautaði** hann. – Þetta eru áreiðanlega ekki nema tuttugu og sex.“ (bls.30)
4. „Ég sagði það ekki, ég sagði bara að þetta væru ekki fjörutíu, - sagði Krókópókó, með **hörðu röddinni**, sem hann notaði þegar hann var **reiður**.“ (bls.31)
5. „Mamma stóð og hugleiddi hvernig hún ætti að drösla þessari þungu körfu niður að Fljótinu og varð heldur en ekki **glöð**, þegar hún kom auga á Krókópókó. – Mikið er ég fegin að þú skulir vera kominn – sagði mamma.“ (bls.34)
6. „Ég sagði að svona talaði enginn við mömmu sína – sagði amma **nokkru hærra** en áður.“ (bls.34)
7. „Er, er hún mjög hættuleg þessi veiki? – spurði Krókópókó og var nú orðinn **svolítið hræddur**.“ (bls.36)
8. „Er þá ekkert hægt að gera, til að lækna einhvern, sem kannski fengi svona, svona Nei-veiki? – spurði hann og **talaði nú svo lágt**, að amman varð að beygja sig niður að honum, svo hún gæti heyrt til hans.“ (bls.36)

Fylgiskjal 8

Skýrslublað

Hvor er lengri ég eða slangan?

Slöngutegund sem ég valdi mér

Slangan getur verið _____ cm löng

Hæð mín er _____ cm


Hvor er lengri? _____

Hvað munar örgum cm? _____

Teiknaðu nú fallega mynd af slöngunni hér fyrir neðan.

Nafn: _____

Fylgiskjal 9



Mynd 4: (The Puerto Rican Parrot)

Það var einu sinni api

Það var einu sinni api
í ofsa góðu skapi,
hann þoldi ekki sultinn
og fékk sér banana.
Bananana (smella tvisvar í góm)
Bananana (smella tvisvar í góm)
Banananna, banananna, bananana !

Það var einu sinni hestur
sem hélt hann væri prestur,
hann vildi ekki heyið
en fékk sér kartöflu.
Kartöflu (smella í góm)
Kartöflu (smella í góm)
Kartöflu, kartöflu, kartöflu (smella í góm).

Það var í örkinni hans Nóa
að dýrin fóru að róa,
hestur, hundur, hæna
og líka krókódíll.
Krókókódíll (smella tvisvar)
Krókókódíll (smella tvisvar)
Krókókódíll, krókókódíll, krókókódíll !
(Ingunn Ríkharðsdóttir. [án árs]).